

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Efni: Þingskjal 730 – 456. mál.: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB).

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga sem lagt var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016. Stjórn málnefndarinnar ræddi málið á fundi í gær, 9. febrúar, og samþykkti að gera athugasemd við eftirfarandi texta í 6. lið frumvarpsins:

Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu allar fjárhæðir í þeim reikningi sem sendur er ársreikningaskrá til varðveislu og birtingar vera í sömu mynt og skal texti ársreiknings, og samstæðureiknings ef félag gerir slíkan reikning, vera á íslensku eða ensku.

Það eru orðin „á íslensku eða ensku“ sem Íslensk málnefnd telur að samræmist ekki 2. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61 frá 7. júní 2011. Þar stendur:

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Umræddur texti samræmist ekki heldur íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 þar sem stendur að aðalmarkmið málstefnunnar sé (Íslenska til alls, bls. 11):

að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Íslensk málnefnd leggur því til að „vera á íslensku eða ensku“ verði breytt í „ávallt vera á íslensku en að auki á ensku eða öðru máli ef þörf krefur“.

F.h. Íslenskrar málnefndar,

Guðrún Kvaran, formaður